

FRUMKVÆÐISSJÓÐUR ÖXARFJARÐAR Í SÓKN



2025



SSNE

Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra



BYGGÐASTOFNUN



Norðurlandspítali

UM ÖXARFJÖRÐ Í SÓKN



Byggðarlagið við Öxarfjörð liggur frá vestanverðri Melrakkaslétu til og með Kelduhverfi. Öxarfjarðarhérað var tekið inn í verkefnið Brothættar byggðir í enda árs 2015 og formlega sett á laggirnar með íbúáþingi þriðju helgina í janúar 2016 og hlaut verkefnið þá nafnið Öxarfjörður í sókn. Upphaflega átti verkefnið að vara til ársloka 2019, en það ár samþykkti Byggðastofnun að framlengja verkefnið til ársloka 2020.

Hófst verkefnið með afar vel sóttu íbúáþingi í janúar 2016. Alls voru 19 málaflokkar til umræðu á íbúáþinginu. Þar vó þyngst umræða um raforku, ljósleiðara og útvarpssendingar, en nánast jafn hátt skoraði umræða um grunnstoðir sveitarfélagsins og þjónustu. Í þriðja sæti voru ferðamál, enda brýnt að nýta tækifæri ferðapjónustu sem allra best á svæðinu. Segja má að í stuttu máli hafi niðurstaðan verið sú, að til að efla byggð við Öxarfjörð, yrði að byggja á sérstöðu svæðisins, nýta sóknarfæri sem felast m.a. í matvælavinnslu, ferðapjónustu og jarðhita sem og að standa vörð um grunnþjónustuna.

Meginmarkmið verkefnisins eru:

- Framsækni í matvælaframleiðslu
- Framandi áfangastaður
- Uppbyggilegt samfélag
- Öflugir innviðir

Árið 2025 valdi Byggðastofnun verkefnin „Raufarhöfn og framtíðin“ (ROF) og „Öxarfjörður í sókn“ (ÖÍS) til að taka þátt í nýju tilraunaverkefni til þriggja ára sem má líta á sem nokkurskonar framhald af verkefninu Brothættar byggðir. Auglýst var eftir styrkumsóknum í tilraunabyggðapróunarverkefnið Öxarfjörður í sókn II í apríl 2025.

Um var að ræða fyrstu úthlutun í verkefninu og voru fjármunir til ráðstöfunar 13.750.000 krónur, en alls var sótt um kr 16.985.500 kr

Frestur til að skila inn umsóknum var til kl. 16:00 þann 5. maí 2025 og bárust alls tíu umsóknir um styrki í ÖÍS-II **Áætlað er að næstu tvær úthlutanir fari fram á fyrri hluta árs 2026 og 2027.**



VERKEFNISSTJÓRN BROTHÆTTRA BYGGÐA II

SAMEIGINLEG VERKEFNISSTJÓRN BEGGJA VERKEFNA ROF & ÖÍS.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, fulltrúi Norðurbings og formaður verkefnisstjórnar
Olga Friðriksdóttir, fulltrúi íbúa Raufarhafnar
Ólafur Gísli Agnarsson, fulltrúi íbúa Raufarhafnar
Charlotta V. Englund, fulltrúi íbúa Öxarfjarðarhéraðs
Thomas Helmig, fulltrúi íbúa Öxarfjarðarhéraðs
Hildur Halldórsdóttir, fulltrúi SSNE
Helga Harðardóttir, fulltrúi Byggðastofnunar
Kristján Þ. Halldórsson, fulltrúi Byggðastofnunar

Verkefnisstjóri í Öxarfjarðarhéraði er Einar Ingi Einarsson



Viðmiðunarpættir við mat á umsóknum eru:

- Að verkefnið falli vel að skilaboðum íbúapings og stefnumótun verkefnisins
- Að útkoma nýtist sem flestum íbúum á Raufarhöfn og Melrakkaslétu
- Að verkefnið trufli ekki samkeppni á þjónustusvæði
- Að verkefnið leiði til atvinnusköpunar, helst á heilsársgrundvelli
- Að verkefnið sé líklegt til árangurs og þekking og/eða reynsla sé til staðar
- Að markaðslegar og/eða rekstrarlegar forsendur séu trúverðugar
- Að áhrifa gæti fyrst og fremst í samfélaginu á Raufarhöfn
- Að verkefnið hvetji til samstarfs og samstöðu
- Að styrkveiting hafi mikil áhrif á framgang verkefnis

STYRKHAFAR FRUMKVÆÐISSJÓÐS ÖXARFJARÐAR Í SÓKN 2025

ÖÍS-2025-01 - GAMLA SLÁTURHÚSIÐ

UMSÆKJANDI: Jón Kristján Ólason

UPPHÆÐ STYRKS: 1.600.000 KR

Verkefnið snýr að lagfæringum og viðhaldi á og við elsta hús Kópaskers, og tengja lóðina við Bakkaböðin og Mela. Aðalmarkmiðið er að bjarga menningarverðmætum frá eyðileggingu, að koma þeim í það horf að húsið, sagan um húsið og umhverfi þess, verði að aðdráttarafli fyrir þorpið og svæðið.

Þannig verði það að stolti samfélagsins og efla sjálfsmynd staðarins. Verkefnið er samtvinnað við ferðaþjónustuna og fyrirtækjareksturinn sem fram fer á lóðinni við Bakkagötu 3, Bakkaböðin og gistiheimilið Mela, en á henni er elsta íbúðarhús Kópaskers sem gengið hefur í endurnýjun lífdaga.

ÖÍS-2025-02 - FLYGILVINIR FARA Á KOSTUM Á AFMÆLISÁRI

UMSÆKJANDI: Flygilvinir – tónlistarfélag við Öxarfjörð

UPPHÆÐ STYRKS: 300.000 KR

Markmið verkefnisins "Flygilvinir fara á kostum á afmælisári" er að standa fyrir tveimur viðburðum og fá framúrskarandi tónlistarfólk til að miðla íbúum Öxarfjarðarhéraðs af list sinni. Íbúarnir geta þannig öðlast innsýn í brot af þeim töfraheimi tónlistar sem stendur íbúum höfuðborgarsvæðis og stærstu þéttbýliskjarnanna til boða og þykir sjálfsagður hlutur, án þess að þeir (íbúar við Öxarfjörð/íbúar á Norðausturhorninu) þurfi að leggja á sig margra daga ferðalög og reiða fram tugi þúsunda í fargjöld og uppihald.

ÖÍS-2025-03 - SÓLSTÖÐUHÁTÍÐ

UMSÆKJANDI: Framfarafélag Öxarfjarðar

UPPHÆÐ STYRKS: 870.000 KR

Hin árlega Sólstöðuhátíð á Kópaskeri mun fara fram helgina 20-22 júní 2025. Með stuðningi Brothættra byggða og verkefnisins "Öxarfjörður í Sókn II" mun þekktur íslenskur tónlistarmaður, Stebbi Jak, halda tvenna tónleika á hátíðinni.

Á hátíðinni sjálfri verða svo margir aðrir skemmtilegir viðburðir.

ÖÍS-2025-04 - VINNUSTOFUR Í KLIFSHAGA

UMSÆKJANDI: Klifshagi ehf

UPPHÆÐ STYRKS: 3.165.000 KR

Markmið verkefnisins er að koma upp aðstöðu/vinnustofu innan Öxarfjarðarhéraðs sem staðsett verður að Klifshaga 1. Aðstaðan verður opin öllum til frekari vinnslu á ull, handverki sem og vinnslu á öðrum hliðarafurðum sauðfjárræktar. Þá verður einnig lögð áhersla á fræðslustarf og varðveislu menningararfs (vinnsluaðferðir, námskeið, sýningar o.fl.)

ÖÍS-2025-05 - ÓLD SKÚL – LISTASKÓLI Í KELDUEHVERFI

UMSÆKJANDI: Lókal leiklistarhátíð

UPPHÆÐ STYRKS: 3.142.000 KR

Markmið verkefnisins „ÓLD SKÚL – listaskóli í Kelduhverfi“ er að leggja frumdrög að og þróa listamannadvöl (residency) og námskeiðahald tengdu listum, sögu og náttúru, í samvinnu og samstarfi við hagsmunaaðila á svæðinu. Starfsemin mun laða að fólk innanlands og erlendis frá og nýttast íbúum Öxarfjarðar til framtíðar, ekki síst börnum og unglingum. Gert er ráð fyrir að þróun verkefnisins vari í þrjú ár. Á þeim tíma verður hugmyndin reynd – með áherslu á barna- og unglingastarf – hún víkkuð út og komið á samstarfi við erlend tengslanet, lista- og menntastofnanir. Stefnt er að því að undir lok tímabilsins hafi orðið til spennandi módel sem dregur að innlent og erlent listafólk og stendur traustum fótum fjárhags-og skipulagslega.

ÖÍS-2025-06 - EXTENDED MARKETING

UMSÆKJANDI: Hultin ehf.

UPPHÆÐ STYRKS: 700.000 KR

Markmið verkefnisins "Extended Marketing" er að samræma, efla og þróa markaðssetningu og sér í lagi þjónustu fyrirtækisins, Hultin ehf. En það sérhæfir sig í alls kyns timburlausnum t.d. fyrir pallasmíði. Fyrirtækið veitir staðbundna þjónustu á Norður og Austurlandi og kemur reglulega með svokallaðar „popup“ verslanir í byggðakjörnum á svæðinu þar sem engar byggingarvöruverslanir er til staðar.

ÖÍS-2025-07 - LÍKAMSRÆKT Á KÓPASKERI

UMSÆKJANDI: Framfarafélag Öxarfjarðar

UPPHÆÐ STYRKS: 1.905.000 KR

Markmið verkefnisins er að auka lýðheilsu, vellíðan og samfélagslega samveru íbúa og auka öryggi við heilsurækt. Til þess þarf að endurbæta og gera aðgengilega fjölbreytta líkamsræktaraðstöðu á Kópaskeri sem er í verulegu niðurníðsluástandi og uppfyllir hvorki öryggiskröfur né þarfir nútímalegrar heilsueflingar. Til að hægt sé að bjóða upp á heilbrigða, aðgengilega og örugga aðstöðu fyrir alla íbúa þarf að ráðast í heildstæða hreinsun, endurbætur og endurnýjun á búnaði. Heilsueflandi samfélag og vellíðan fyrir alla.

ÖÍS-2025-08 - GRÖS – GRÓÐURHÚS

UMSÆKJANDI: Fógeti ehf.

UPPHÆÐ STYRKS: 2.068.000 KR

Sveitahótelið Skúlagarður ætlar að leggja áherslu á stofn staðarheitisins: matjurtar-garður. Til stendur að rækta kál, kryddjurtir og jarðaber í köldu gróðurhúsi. Á lóðinni mun rísa svonefnt Bambahús, úr stálgrind og einangruðu plasti, í samstarfi við samnefndan íslenskan framleiðanda.

Sumarið 2026 stendur til að opna grænmetisveitingastaðinn Grös þar sem uppskeran stæði öllum til boða í formi ljúffengra grænmetisréttar.